

hins stefnda Helga Guðmundssonar, og ber áfrýjandanum þá að greiða hinum stefnda kost og tæringu fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metið 20 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandanum, Þórði Sigurðssyni, ber að greiða hinum stefnda, Helga Guðmundssyni, 20 krónur í kost og tæringu, er lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 14/1883

Bæjarstjórn Ísa-
fjarðar kaupstaðar
gegn

hreppsnefnd Eyrarhrepps.

Dómur:

Með fúgetagjörð, sem framin var í Ísafjarðar kaupstað 6. desbr. 1882, var hjá bæjarsjóði nefnds kaupstaðar tekið lögtaki eptir kröfu hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi 13 krónur 78 aur., sem sje:

- | | |
|---|----------|
| 1. Tíund af ábúð á Stakkanesi | kr. 0.46 |
| 2. Sýslugjald | — 0.27 |
| 3. Aukatillag | — 12.00 |
| 4. Kostnaður við fúgetagjörðina | — 1.25 |

Þessari fúgetagjörð hefur bæjarstjórn Ísafjarðar-kaupstaðar skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. marzmán. þ. á., og þar krafizt, fyrst og fremst: að fúgetagjörðin verði dæmd ómerk, en hrepps-

nefnd Eyrarhrepps skylduð til að endurborga áfrýjandanum ofan um getið fje ásamt öllum kostnaði, sem leitt hefur af lögtaksgjörðinni, svo og til að greiða hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, en til vara: að Eyrarsveitarhreppsnefnd verði skylduð til að endurborga áfrýjandanum aukaútsvarið, 12 kr., kostnaðinn við lögtakið og málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins. Hin stefnda hreppsnefnd Eyrarhrepps hefur hvorki mætt nje mæta látið fyrir yfirdóminum, og ber því að dæma málið eptir skjölum þeim og skilríkjum, sem fram eru komin.

Hinn 15. febrúarmán. 1881 samdist svo milli bæjarstjórnar Ísafjarðar-kaupstaðar og prestsins til Eyrar í Skutulsfirði, að nefnd bæjarstjórn fyrir hönd kaupstaðarins skyldi hafa öll leiguliða-afnot af hjáleigunni Stekkjanesi (Stakkanesi), og þeim hluta jarðarinnar Eyrar í Skutulsfirði, sem enn fylgir prestakallinu, og sem nú er metið 1.^{ss} hndr. að dýrleika, meðan hann hjeldi brauðinu. Í 1. gr. reglugjörðar 26. janúar 1866 um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað, og um stjórn bæjar-málefna þar, er ákveðið, að „verzlunarstaðurinn Ísafjörður — þar með talin öll Skutulsfjarðareyri, og prestsetrið, sem á eyrinni stendur — skal hjeðan í frá vera bæjarfjelag og lögsagnarumdæmi sjer, og nefnast kaupstaður“.

Með því að engin sönnun er fram komin fyrir, að Stakkanes, sem, eins og áður er sagt, er hjáleiga frá prestsetrinu Eyri, sje í Eyrarhreppi, og að því beri að greiða nefndum hreppi nokkur gjöld af henni, þá ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma

hina áfrýjuðu fógetagjörð ógilda, og kemur því ekki til álita, hvort gjöld þau, sem tekin voru lög- taki, að öðru leyti eigi við nokkuð að styðjast.

Samkvæmt þessum úrslitum ber hinni stefndu hreppsnefnd að greiða áfrýjandanum allan kostnað af lögtaksgjörðinni og málskotinu til yfirdómsins með 25 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða lögtaksgjörð á að vera ógild. Hin stefnda hreppsnefnd Eyrarhrepps á að greiða áfrýjandanum, bæjarstjórn Ísafjarðar- kaupstaðar, allan kostnað af lögtaksgjörðinni og málskotinu til yfirdómsins með 25 krónum innan 8 vikna frá löglegri birting dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. ágústmán.

Nr. 19/1883.

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Jónssyni

Sigurþór Ólafssyni og

Mettu Egilsdóttur.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 18. dag nóvembermán. 1882 í máli því, sem hjer er áfrýjað, og sem höfðað hefur verið að boði landshöfðingja gegn hinum ákærða, Guðmundi Jónssyni, fyrir brot á móti 189. gr. og 190. gr. hegningarlaganna, og Sigurþór Ólafss-